

Horn og bein

Námslýsingar fyrir tilraunakennslu

Heiti námslýsinga:

Námslýsing fyrir vinnslu með horn og bein í tilraunakennslu

Lengd náms:

120 kennslustundir, 80 klukkustundir

Fjöldi eininga:

Allt að 10 einingar

Hverjum ætlað:

Ætlað þeim sem eru 20 ára eða eldri, eru á vinnumarkaði og hafa ekki lokið framhaldsskóla.

1. útgáfa 2014

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Markhópur og markmið	2
Mat til eininga	2
Starf handverksmanns	2
Kynning	3
Virkni í námi	4
Lota I	5
Lota II	6
Mat á námi	7
Verkdagbók	1
Forsíða	1
Tímaskýrsla	2
Vinnulýsingar og námsefni	3

Heimild

Reykjavík xx.xx.xxxx

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitir xxxx heimild til að kenna í tilraunakennslu samkvæmt námslýsingum Horn og bein, námslýsingar fyrir tilraunakennslu með tilvísunarnúmerinu xxxxxxxx. Heimildin gildir frá xx.xx.xxxx – xx.xx.xxxx. Heimildina skal vista í verkdagbókum námsmanna.

xxxx skilar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins greinargerð sem lýsir reynslu af rekstri smiðjunnar.

Inngangur

Eftirfarandi námslýsingar eru byggðar á námsskránni „Opin smiðja“, sem Mennta-og menningarmálaráðuneytið heimilar að verði notuð í tilraunakennslu í eitt ár.

Árið 2010 var námsskráin „Opin smiðja“ þróunarverkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námsskráin er skrifuð sem snið fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar til að skrifa námslýsingar fyrir smiðju. Í smiðju er áhersla lögð á nám til að skipuleggja, undirbúa, vinna og skila verki sem er starf eða hluti starfs á vinnumarkaði.

Námsskráin Opin smiðja lýsir viðmiðum fyrir 80 klukkustunda (120 kennslustunda) nám. Námið fer fram í tveimur lotum. Viðmið lotu I eiga við nám byrjenda sem læra í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn en viðmið lotu II eiga við nám lengra kominna námsmanna sem læra með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum.

Námslýsingar þessarar smiðju er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem fá heimild Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til að skipuleggja nám samkvæmt henni. Námslýsingarnar eru einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á námið fyrir starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur um að þeir sem fá heimild til að nota þessar námslýsingar framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir.

Markhópur og markmið

Markhópur smiðju eru einstaklingar 20 ára eða eldri, með stutta formlega menntun og eru á vinnumarkaði.

- Í lotu 1 læri námsmenn vinnuferli við meðferð horna og beina undir handleiðslu sem miðast við nýliða í verklegri þjálfun.
- Í lotu 1 verði áhersla á undirstöðu þekkingu, leikni og hæfni fyrir nýliða sem vinna með horn og bein.
- Í lotu 2 læri námsmenn að nota handverkið og tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Þeir vinna eftir verklýsingu sem nýliðar í starfi undir eftirliti fagmanns.
- Í lotu 2 er áhersla á að bæta við og festa í minni þá þekkingu sem aflað var í lotu 1, með verklegri þjálfun sem unnin er eftir verklýsingu.

Námskráin lýsir viðmiðum fyrir 80 klukkustunda nám. Námið fer fram í tveimur lotum og um er að ræða verklegt nám. Viðmið lotu 1 eiga við nám byrjenda sem læra í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn en viðmið í lotu 2 eiga við nám nýliða sem læra með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum og eftirliti kunnáttumanna.

Mat til eininga

Námslýsingar fyrir Smiðju – Horn og bein í tilraunakennslu eru byggðar á námsskránni Opin smiðja, sem Mennta-og menningarmálaráðuneytið, með bréfi dagsettu 20.06.2013 heimilaði að verði notuð í tilraunakennslu í eitt ár.

Mennta-og menningarmálaráðuneytið heimilar að námslýsingar sem byggja á námsskránni Opin smiðja og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heimilar til tilraunakennslu megi meta til allt að 10 eininga.

Til að meta styrkleika einstaklings er til dæmis hægt að nota:

- Verkdagbók sem geymir formlega heimild Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á námslýsingum þessarar smiðju, gögn sem námsmaðurinn safnaði um verk sem hann vann, tímaskýrslur um námstíma og leiðsagnarmat.
- Starfsferilsskrá.
- Einstaklingsviðtöl, sjálfsmat.
- Lokamat.

Starf handverksmanns

Verkþekking er mikilvæg í nútíma samfélagi. Handverksmaður þarf að búa yfir margvíslegri þekkingu, hæfni og leikni í starfi sínu.

Þegar unnið er með horn og bein þarf handverksmaður að kunna skil á hugmyndavinnu, meðferð hráefnis, nýtingu efnis, leikni við handverkfæri, þekkingu á efnum og áhöldum, kunna verklag og geta metið gæði hluta sem unnið er með.

Kynning

Dagskrá, húsakynni, umgengisreglur, verkfæri, námsdagbók, námsefni og námsaðferðir.

Í upphafi hittist hópurinn á hlutlausu svæði þar sem leiðbeinendur kynna viðfangsefni sem valin hafa verið út frá óskum aðila í hópnum og komið hefur fram í viðtölum. Þátttakendum er kynnt notkun verkdagbókar og einföld útgáfa af skráningu á verkferlum.

Leiðbeinandi gerir grein fyrir:

- Skipulagi smiðjunnar.
- Verklagi og vinnubrögðum.
- Áhöldum og notkun þeirra.
- Námsefni.
- Helstu fag hugtökum sem notuð eru.
- Skipulagi húsakynna þar sem nám fer fram.
- Öryggisbúnað og rýmingaráætlun.
- Umgengisreglum fyrir húsakynni og búnað.
- Stundatöflu námsins, viðveruskráningu og kröfum um a.m.k . 80% viðveru.
- Námsaðferðum og hlutverki leiðbeinanda.
- Kröfum sem námsmenn geta gert til annarra og kröfur sem gerðar eru til þeirra.
- Tilgangi námsdagbókar/verkdagbókar og kröfum sem gerðar eru um færslu í námsdagbók/verkdagbók.
- Verkefnum/Verklýsingum frá leiðbeinendum og færslu í tímaskýrslu þegar það á við.
- Námsmati, sí- leiðsagnar- og lokamati.

Áherslupættir smiðjunnar

- Lögð áhersla á verklega færni og þekkingu á efni sem unnið er með.
- Grundvallarþekking á efni og helstu aðferðum við mótun og formun.
- Hugmyndavinna, útfærsla og frágangur.
- Öflun hráefnis og meðferð þess áður en vinna við formun hefst.
- Mótun, formun, sögun, pússun og yfirborðsmeðhöndlun horna og beina.
- Aukin færni í sköpun og aðferðum.

Námsmaður notar verklýsingar til að :

- Gera grein fyrir eiginleikum efna og festinga sem hann notar í verkefninu.
- Gera efnislista og verkfæralista.
- Reikna kostnað vegna vinnu, efna, verkfæra og vinnuástöðu.

Námsmaður fylgir almennum vinnuáðferðum á vinnustað:

- Notar verklag eins og leiðbeinandi ráðleggur.
- Notar fagmál eins og leiðbeinandi ráðleggur.
- Gerir öryggisráðstafanir eins og leiðbeinandi ráðleggur.

Virkni í námi

Leiðbeinandi metur verkdagbók og hvort verkefni sé unnið í samræmi við viðurkennt verklag og hvort námsmaður hafi fylgt verklýsingu og leiðbeiningu.

Námsmaður metur eigið vinnuframlag, gagnsemi náms, samstarf við aðra námsmenn og leiðbeinanda.

Krafa er gerð um 80% mætingarskyldu.

Í leiðsagnarmati er merkt í hólf undir 4 fyrir **Alltaf**, undir 3 fyrir **Oftast**, undir 2 fyrir **Stundum**, undir 1 fyrir **Aldrei**

Virkni í námi	4	3	2	1
Skrásetur og safnar í verkdagbók.				
Tekur virkan þátt í umræðum.				
Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum	Dags.			
	/ '			

Lota I

Undirstöðuþekking og leikni sem þarf til að vinna með öðrum við meðhöndlun horna og beina.

Undanfari	Enginn
Vinnutími með leiðbeinanda í klst.	15
Annar vinnutími í klst.	10
Matsaðferð	Leiðsagnarmat leiðbeinanda, jafningja og/eða sjálfsmat Námsmaður smíðar einfaldan smáhlut úr horni og/eða beini
Annað	Hreinsar og undirbýr hráefni, formar, pússar og meðhöndlar með aðstoð leiðbeinanda og út frá verklýsingu sem leiðbeinandi útvegar. Leiðbeinandi útskýrir vinnuteikningar og aðrar verklýsingar, hann leiðbeinir og kennir rétt vinnubrögð, útskýrir fagmál og verklag.

Væntingar sem þú hefur til þessa námsþáttar

Í leiðsagnarmati er merkt í hólfi undir **4** fyrir **Mikil þekking/leikni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/leikni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/leikni** en undir **1** fyrir **Lítill þekking/leikni**. Tómt hólfi merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

Námsmaður:

Smíðar einfaldan smáhlut úr horni og/eða beini

4 3 2 1

Gerir munnlega grein fyrir eiginleikum horna og beina sem hann notar				
Gerir munnlega grein fyrir eiginleikum efna sem notaðar er við meðhöndlun horna og beina				
Lýsir frágangi og festingum sem notaðar eru				
Útskýrir virkni verkfæra sem notuð eru				
Getur notað mismunandi tegundir af yfirborðsmeðferð				
Lýsir munnlega verklagi sem hann notar við vinnuna				
Útskýrir a.m.k. 5 algeng fagorð sem notuð eru þegar unnið er með horn og bein				
Útskýrir a.m.k. 2 algeng dæmi um mistök byrjenda og mögulegar afleiðingar				
Sagar út, pússar, formar og meðhöndlar horn og bein, smíðar einfaldan smáhlut				

Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum

Dags.

/

Lota II

Undirstöðuþekking og leikni sem þarf til að vinna hluti úr horni og beini samkvæmt verklýsingum.

Undanfari	Lota 1
Vinnutími með leiðbeinanda í klst.	5
Annar vinnutími í klst.	50
Matsaðferð	Leiðsagnarmat leiðbeinanda, jafningja og/eða sjálfsmat
Annað	Námsmaður velur efni, ákveður efnisþörf og metur kostnað, sagar,formar, pússar og meðhöndlar og gengur frá samkvæmt verklýsingu. Leiðbeinandi útskýrir vinnuteikningar og aðrar verklýsingar, hann lítur eftir framvindu verks og hann leiðbeinir þeim sem þess óska og þegar hann sér ástæðu til þess.

Væntingar sem þú hefur til þessa námsþáttar

Í leiðsagnarmati er merkt í hólfi undir **4** fyrir **Mikil þekking/leikni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/leikni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/leikni** en undir **1** fyrir **Lítill þekking/leikni**. Tómt hólfi merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

Námsmaður:

Sagar og meðhöndlar horn og bein þannig að úr verði nytjahlutur

4 3 2 1

	4	3	2	1
Skilgreinir verkefni út frá verklýsingu				
Gerir munnlega grein fyrir röðun verkþátta og aðferðum				
Lýsir verkfærum sem henta verkefninu				
Lýsir heppilegu verklagi við vinnu með horn og bein				
Lýsir yfirborðsmeðferð sem hentar viðkomandi verkefni				
Notar verklýsingu sem almennt tíðkast í faginu				
Útskýrir a.m.k. 2 dæmi um algeng mistök nýliða				
Útskýrir helstu einkenni fagmannlegara vinnubragða				
Lýsir helstu áhættuþáttum varðandi heilsutjón, óhöpp og slys sem kunna að fylgja vinnu við meðhöndlun horna og beina				
Býr til nytjahlut úr horni/beini				

Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum

Dags.

/ /

Mat á námi

Merktu við eins og við á. Merktu í hólf undir **4** fyrir **Mjög gott**, undir **3** fyrir **Gott**, undir **2** fyrir **Sæmilegt** en undir **1** fyrir **Ekki gott**.

Námsmaður:

Gefur einkunn	Já	Nei
Voru verkefnin áhugaverð?		
Voru leiðbeiningar góðar?		
Voru verklýsingar góðar?		
Voru aðstæður góðar?		
Finnst þér að þú hafir lært mikið?		
Var gagn af leiðsagnarmatinu?		
Finnst þér gagn af verkdagbókinni?		
Treystir þú þér til að vinna svona verk samkvæmt verklýsingum?		
Annað sem þú vilt koma á framfæri?		

Verkdagbók

Forsíða

Eigandi verkdagbókar:

- Tilgangur skissubókar/verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.
- Í skissubók/verkdagbók er safnað efni til þess að
 - auðvelda þér upprifjun á efni smiðjunnar.
 - þú og leiðbeinandinn geti metið framvindu og árangur námsins.
 - vera vitnisburður um viðfangsefni og árangur þinn ef þú vilt sýna hana öðrum.

- Nauðsynlegt er að fært sé í skissubók/verkdagbók á hverjum degi.
- Framsetning efnis getur verið skrifleg, með rissi, teikningum, ljósmyndum og/eða hljóðritun eða á annan hátt sem námsmaðurinn kys.
- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
 - verklýsingar, áætlanir, hugmyndir og annað sem varðar undirbúning, skipulag og framvindu verks.
 - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir.
 - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.

Vinnulýsingar og námsefni¹

¹ Í vinnulýsingu og námsefni er safnað verklýsingum, myndum, teikningum, rissi, minnisatriðum, hugleiðingum, ályktunum og öðru sem hjálpar þér að muna, auðveldar þér að rifja upp og vitnar um nám þitt, vinnu og verk sem þú vannst.

